

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1139. tölublað - 24. árg.

12. desember 2024



Slökkvilið í skólaheimsókn



Í byrjun desember fór Slökkvilið Snæfellsbæjar í sína árlegu skólaheimsókn til 3. bekkjar í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Slökkviliðið heimsótti nemendur í starfsstöð skólans á Hellissand og í Lýsudeild og voru með fyrir þau fræðslu um eldvarnir á heimilum. Í samtali við nemendur lögðu slökkviliðsmenn áherslu á fjölda reykskynjara til að fjölskyldan fái viðvörðun ef eldur kemur upp, sýnileg eldvarnarteppi í eld-

húsi, að fara varlega við opinn eld og að slökkvitæki séu sýnileg við flóttaleiðir. Þá minntu þeir nemendur á að hlaða raf- og snjalltæki með öruggum búnaði í öruggu umhverfi, á mikilvægi þess að að minnsta kosti tvær flóttaleiðir og að þekkja þær og síðast en ekki síst að þekkja númerið 112. Mikil ánægja var með þessa heimsókn meðal nemenda sem lærðu heilmikið um eldvarnir og öryggi þennan dag.

SJ



Útgáfa Jökuls á næstunni

Næsta tölublað Jökuls kemur út 19. desember
Jólablað Jökuls kemur út mánudaginn 23. desember, efni, jólakveðjum og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 16 fimmtudaginn 18. desember.
Jökull kemur ekki út á milli jóla og nýárs, fyrsta blað á nýju ári kemur út 9. janúar.



STEINPRENT
436 1617 · steinprent@simnet.is · steinprent.is



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Rán gefur Smiðjunni og Jaðri



Verkefna- og líknanefnd Lions fór í byrjun desember með veglega glaðninga á dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar og í Smiðjunna í Ólafsvík. Klúbburinn hefur gert þetta undanfarin ár en tilgangurinn er að gleðja heimilisfólk á Jaðri og starfsmenn Smiðjunnar í aðdraganda jólaanna. Innihald glaðningsins var blanda af veigum í bæði föstu og fljótandi formi. Er þetta orðin ómissandi hefð hjá Ránarkonum en íbúar Jaðars og starfsmenn Smiðjunnar tóku

mjög vel á móti þeim þegar þær mættu með góðgætið. Á Jaðri tók Hulda Maggý Magnúsdóttir við gjöfnni en í Smiðjunni voru það vinirnir Bjargmundur Hermann Sigurðarson, Ómar Hall Sölvason og Jóhann Steinn Gunnarsson. Á myndunum eru nefndarkonur í verkefna- og líknanefnd Lionsklúbbsins Ránar þær Þórey Úlfarsdóttir, Guðbjörg Þuríður Ágústsdóttir og Elín Krístrún Halldórsdóttir.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Nýr bátur væntanlegur til HH



Nýr bátur Hraðfrystihúss Hellissands er brátt væntanlegur til hafnar í Rífi en hann mun koma í stað Gunnars Bjarnasonar SH-122 sem Hraðfrystihúsið seldi til FISK seafood í október. Hraðfrystihúss Hellissands keypti Útgerðarfélagið Hauk ehf í maí árið 2022 og hefur rekið dragnótarbátinn Gunnar Bjarnason SH-122 síðan. Nýi báturinn er smíðaður í Vestværflet í Hvídesand í Danmörku árið 2019. Báturinn er rúmlega 33 metra langur, um 9 metra breiður og útbúinn til bæði dragnóta og togveiða. Er

hann búinn Mitsubishi 750 KW vél og um borð eru tvær John Deere ljósvélar.

Fyrri eigendur ásamt fulltrúum Hraðfrystihúss Hellissands lögðu af stað með bátinn frá Thyboron í Danmörku þann 7. desember og er áætlað að hann komi til landsins fimmtudaginn 12. desember, báturinn fer beint í slipp þar sem gerðar verða lagfæringar til að hann standist Íslenskar kröfur, vonir standa til að báturinn náist í heimahöfn á Rífi fyrir áramót.

SJ

Stofn

Endurgreiðslur í 30 ár



Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá
Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í 30 ár.

Sjóvá | Aðalgötu 10, Stykkishólmi | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ

Framkvæmt fyrir 690 milljónir án lántöku



Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar, A- og B-hluta stofnana, fyrir árið 2025 var samþykkt samhljóða á bæjarstjórnarfundi fimmtudaginn 5. desember 2024. Bæjarstjórn lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur í sameiningu unnið að gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025. Samstarf bæjarstjórnar hefur verið gott í þessari vinnu og samstaða verið um breytingar á gjaldskrám, styrkveitingar og framkvæmdaliði fyrir árið 2025.

Verðbólga ársins 2024 fór örlítið lækkandi, en þó telur bæjarstjórn að ákveðnar gjaldskrárhækkningar séu samt sem áður nauðsynlegar til að vinna upp hluta af verðbólgu síðustu ára þó ekki sé það gert að fullu. Munu gjaldskrár Snæfellsbæjar því ekki hækka nema um 3-7% á árinu 2025.

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2024 varðandi sormál í Snæfellsbæ og tók gjaldskrá sorphirðu- og sorphyrðingargjalda mið af því. Kostnaður vegna sormála í Snæfellsbæ hækkaði vegna krafna um aukna flokkun heim við hús. Lög og reglugerðir gera ráð fyrir því að allur kostnaður vegna sormála falli á notanda og því þurfti bæjarstjórn að hækka gjaldskrá vegna sormála töluvert á árinu 2024. Nú er komin reynsla á nýtt kerfi og ljóst að ekki þarf að hækka sorphyrðingargjaldskrá nema um 3,5% til að mæta auknum kostnaði. Það er undir verðlagsþróun sem er ánægjulegt.

Afsláttur fasteignagjalda hækkar
Gjaldskrá fasteignagjalda tek-

ur engum breytingum milli ára. Breytingar voru gerðar á álagningarprósentu vatns og holræsa í gjaldskrá fyrir árið 2023 og halda þær breytingar sér á árinu 2025. Sú breyting varð jafnframt á gjaldskrá fasteignagjalda árið 2024 að gjaldögum fjölgað úr 8 í 10 og verða þeir jafnmargir á árinu 2025, þ.e. frá 1. febrúar til 1. nóvember.

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu ársins. Afslátturinn er áfram tekjutengdur og miðast við tekjuárið 2023, en 100% afsláttur hækkar úr 140.000.- í 150.000.-.

Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt á milli ára eða 14,97%.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og að henni verði hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagasamtaka á árinu 2025 verða um 55,9 milljónir.

Frístundastyrkur hækkaður

Snæfellsbær mun áfram bjóða upp á frístundastyrk til tólmundastarfs ungmenna og á árinu 2025 mun sá styrkur hækka úr kr. 33.000.- á barn í kr. 35.000.-, og fylgir hann launavísitölu.

Svigrúm til framkvæmda er ágætt. Áfram er gert ráð fyrir því að stór hluti framkvæmda ársins 2025 verði í viðhaldsframkvæmdum á húsnæði bæjarins, en jafnframt er gert ráð fyrir framkvæmdum á gatnakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við endurbætur á Vallholtinu í Ólafsvík og Naustabúd á Hellissandi, jafnframt því að farið verður í malbikunarframkvæmdir. Samtals er gert ráð fyrir tæpum 110 milljónum í viðhalds- og framkvæmdaverkefni á stofnunum bæjarins, þar sem stærstu einstöku verkefni verða viðgerðir á þaki ráðhússins á

Hellissandi og viðgerðum á Röstinni, ásamt öðrum smærri viðhalds- og framkvæmdaverkefnum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2025 verða hins vegar gatnaframkvæmdir.

Framkvæmt fyrir 690 milljónir

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði rúmar 690,5 milljónir króna, þar af um 372 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og rúmar 318,5 milljónir hjá Hafnarsjóði.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er ágæt. Ekki hefur verið þörf á lántöku á undanföllum árum og á árinu 2025 er ekki gert ráð fyrir að taka þurfi ný lán, þrátt fyrir miklar fjárfestingar. Þetta þýðir, að geta sveitarfélagsins til fjárfestinga eykst ár frá ári þar sem minna af fjármunum fer í afborganir aflánam og vexti, sem er afar jákvætt.

Rekstrarafgangur 154 milljónir

Fjárhagsáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að skila rekstrarafgangi upp á rúmar 85 milljónir hjá A-hluta sjóðum, en um 154 milljónum hjá samanteknum A- og B-hluta sjóðum. Það þýðir að reksturinn gefur ákveðið svigrúm til fjárfestinga og því þarf ekki að fjármagna fjárfestingar ársins með lántöku. Skuldahlutfall Snæfellsbæjar í ársreikningi 2023 var 69% hjá A-hluta og 58,14% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta, en ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer

prósentan niður í 47,83% hjá A-hluta og 37,05% fyrir samstæðuna. Þar sem engin lán voru tekin á árinu 2024 er gert ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar verði enn lægra í árslok 2024 og jafnframt er gert ráð fyrir að það lækki enn frekar á árinu 2025 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku. Rétt er að taka fram að skv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfall sveitarfélaga ekki fara yfir 150% og telst því Snæfellsbær mjög vel státt sveitarfélag.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2025 eins og á undanföllum árum, eða um 318,5 milljónir króna. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel stæður og skuldar engin langtímalán. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum hjá Hafnarsjóði á árinu 2025.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum. Langtímakjarasamningur hafa verið gerðir við mörg starfsmannafélög á árinu 2024, en ljóst er þó að kjarasamningar við grunnskóla- og leikskólakennara eru lausir, sem gerir það að verkum að rennt er blint í sjóinn með áætlun þeirra launa fyrir árið 2025. Rekstur stofnana hefur gengið mjög vel á árinu 2024 og er að miklu leyti því að þakka hversu gott samstarf hefur verið við forstöðumenn og starfsfólk Snæfellsbæjar.


Bæjarstjórn Snæfellsbæjar treystir á að samstarfið verði áfram farsælt, því einungis þannig verður hægt að ná fram góðum rekstri og veita góða þjónustu hjá sveitarfélaginu.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



KJÖRBÚÐIN

JÓLAAPP DAGATAÐ



1. desember
Nóa konfekt

50%



2. desember
Appsiáttur af öllu

5%



3. desember
Jólaskraut

50%



4. desember
Baylis & Harding

40%



5. desember
Leikföng

50%



6. desember
Jólagos frá Oigerðinni

50%



7. desember
Allar bækur

20%



8. desember
Klementínur

50%



9. desember
Quality Street

40%



10. desember
Jólasnákökur

40%



11. desember
Bökunarvörur frá
Nóa Sírius

50%



12. desember
☼ Nautalundur

40%



13. desember
Hamborgarhyggur

35%



14. desember
☼ Heill kalkúnn

40%



15. desember
☼ Coke og Coke án sykurs,
20x330 ml

40%



16. desember
Niðursúðuvörur frá
Ánglamark, Coop og Xtra

50%



17. desember
Spil

40%



18. desember
Hangikjöt

35%



19. desember
☼ Humar frá
Humarsölunni

40%



20. desember
Ís frá Emmessi

40%



21. desember
Rjómi frá MS

30%



22. desember
4x2 L Pepsi, Pepsi Max
og Appelsín

50%



23. desember
Lay's snakk

50%



24. desember
Jólanammi

50%

Óveðursútköll um helgina

Jólalegt var um að litast síðustu vikuna á nesinu öllu með snæviþöktu umhverfi en um aðfararnótt sunnudags var varað við appelsínugulum viðvörðunum víða um land. Kröftug sunnanátt og skörp hlýnindi með mikilli rigningu skullu á, flughált varð á vegum og var búist við votum snjófljóðum og hláku

í byggð. Veðurviðvörðunin stóð undir nafni og gerði vitlaust veður á laugardagsnóttina. Áður en fór að hlýna skall á veður með miklum snjóstormi og fékk björgunarsveitin Lífsbjörg fyrstu beiðni um að aðstoða öikumenn í vandræðum rétt upp úr miðnætti. Um nóttina aðstoðuðu sjálfboðaliðar öikumenn við Fróðá, Búlands-

höfða og Fróðárheiði. Nokkrir bílar voru losaðir, sumum snúið við eða aðstoðað við að komast í gistingu. Sex félagar Lífsbjargar fóru í verkefnið á tveimur bílum og tók það um þrjá og hálfan tíma. Veðrið hafði töluverð áhrif á daglegt líf og hélt fólk sig að mestu inni. Tónlistarmaðurinn Mugis-

on átti að halda tónleika í Búðarkirkju og Ingjaldshólskirkju en var þeim frestað. Tónleikar Mugison voru færðir til fimmtudagsins 12. desember og verða í Ingjaldshólskirkju klukkan 18 og í Búðarkirkju klukkan 20:30.

SJ



Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Tilvalið yfir hátíðarnar
Eigum til

Skelflettan humar – Humar í skel – Reyktur og grafinn lax – Kæst skata – Saltfiskur – Skötuselur og margt fleira.

Frekari upplýsingar um úrval og verð má finna á heimasíðunni okkar –
Hafkaup.is eða í síma 895-5525

Einnig hægt að senda okkur tölvupóst á netfangið hafkaup@hafkaup.is



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fm.is



Við þökkum traustið



Síðastliðinn laugardag fóru fram sögulegar kosningar til Alþingis. Ríkisstjórnarflokkarnir töpuðu miklu fylgi og flokkur fyrrum forsætisráðherra datt af þingi, sem og Píratar og Sósíalistar náðu ekki inn. Flokkur fólksins er einn af sigurvegurum kosninganna og vann stóran sigur, fór úr 8,9% árið 2021 í 13,8% og bætti við sig tæplega 13 þúsund atkvæðum. Í Norðvesturkjördæmi rúmlega tvöfaldaði Flokkur fólksins fylgi sitt í atkvæðum talið, fékk 16,7% og tvo þingmenn einn flokka í kjördæminu. Í kosningabaráttunni fann Flokkur fólksins fyrir mjög miklum meðbyr og jákvæðni, sem og mikinn vilja til breytinga og nýrra áherslna við stjórn landsins. Í Norðvesturkjördæmi er krafan skýr um jöfn búsetuskilyrði í landinu, atvinnufrelsi sjávarbyggða og áratuga innviðaskuld er enn til staðar. Krafa er að átak

verði gert í uppbyggingu grunninnviða og að þeir standist samanburð við höfuðborgarsvæðið. Er þar átt við samgöngur, heilbrigðisþjónustu, orkumál, menntun og fjarskipti svo eitthvað sé nefnt. Ég vil þakka kjósendum Norðvesturkjördæmis það mikla traust sem Flokki fólksins var sýnt í alþingiskosningunum síðastliðinn laugardag. Ég þakka árangurinn því að kjósendur í kjördæminu hafa trú á málflutningi okkar og þeim forgangsmálum sem flokkurinn berst fyrir og metur vinnu okkar á síðasta kjörtímabili. Einnig því jákvæða hugarfari sem Flokkur fólksins stendur fyrir þegar kemur að viðfangsefnum samfélagsins. Flokkur fólksins lítur með bjartsýni til næsta kjörtímabils og þeirra verkefna sem bíða okkar í að bæta íslenskt samfélag. Í kosningunum endurnýjaði flokkurinn umboð sitt og með tveim þingmönnum frá Flokki fólksins hefur Norðvesturkjördæmi eignast öflugla málsvara. Við erum þakklát kjósendum kjördæmisins fyrir þá góðu kosningu sem Flokkur fólksins fékk á kjördag og við munum vinna eftir fremsta megni. að málefnum kjördæmisins. Flokkur fólksins þakkar traustið.

*Eyjólfur Ármannsson
Höfundur var kjörinn 2. þingmaður
Norðvesturkjördæmis í alþingiskosningunum 30. nóvember sl.*



Hundaeigendur í Snæfellsbæ

Af gefnu tilefni...

...er bent á að hundahald er bannað í þéttbýli í Snæfellsbæ.

Ef sveitarstjórn hefur veitt undanþágu og gefið leyfi til hundahalds ber hundaeiganda að gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.



Hundaeigendum er bent á að hafa samband við skrifstofu Snæfellsbæjar til að sækja um leyfi fyrir hunda sína.

Um leið og hundur er fenginn ber eiganda að sækja um leyfi fyrir hann.

Skráningareyðublað til hundahalds er á heimasíðu Snæfellsbæjar og er þeim sem ekki hafa nú þegar sótt um leyfi fyrir hunda sína, bent á að fylla það út og koma því á skrifstofu Snæfellsbæjar.

Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss, innan marka þéttbýlis. Það er **óheimilt** að sleppa hundum sínum lausum um þéttbýli Snæfellsbæjar. Annarsstaðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgs aðila á hans vegum.

Hundaeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.



Verslaðu fyrir jólin með Aukakrónum

Útgerðin



SILFUR
ILÁR & FÖRÐUN



LákiTours
Let the ocean excite you!



VOOT



Hárgreiðslustofa
Gunnhildar